



#framfaravogin2021

#mælumárangur

#höfumáhrif

2021

**Kópavogur
Reykjanesbær
Sveitarfélagið Árborg**



Innihald skýrslu

Áhrif til árangurs - 3
Framfaravogin 2021 - 4
Hvernig nýttist Framfaravog sveitarfélaga? - 6
Helstu niðurstöður - 7
Niðurstöður - Kópavogur - 13
Niðurstöður - Reykjanesbær - 14
Niðurstöður - Sveitarfélagið Árborg - 15
Viðauki - aðferðir - útreikningar - 16
Fólkið - 19

Myndband frá Social Progress Imperative

- Hvað er vísitala félagslegra framfara - social progress index



Áhrif til árangurs

Framfaravogin mælir félagslegar framfarir samfélaga.

Með félagslegum framförum er átt við þá þætti sem nauðsynlegir eru til að einstaklingar í samfélögum geti ekki bara lifað mannsæmandi lífi, heldur einnig til að þeir geti bætt félagslega stöðu sína og skapað sér það líf sem þeir kjósa að lifa. Lítið er til atriða er snerta **grunnþarfir einstaklinganna**, **grunnstöðir velferðar og tækifæri** fólks til að taka þátt í samfélaginu og bæta líf sitt. Einungis er horft til **félagslegra** og **umhverfislegra** þátta. Engar efnahagslegar stærðir eru mældar.

Það er ekki síst við aðstæður sem þessar sem mikilvægt er að meta stöðuna, bera kennsl á styrkleika og veikleika og bregðast við með markvissum hætti. Þá er gott að geta metið árangur aðgerða og læra af því sem færst hefur til betri vegar.

Heimsfaraldur sá er nú hefur geysað í tæp tvö ár hefur breytt ýmsu varðandi þær samfélagslegu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Áhrif faraldursins má glögg t merkja í þessari útgáfu Framfaravogarinnar.

Framfaravogin er **vegvisir** fyrir sveitarfélögin og hjálpar stjórnendum og íbúum að átta sig á hvar skóinn kreppir og hvað vel er gert til að byggja upp góð samfélög. Þannig nýtist hún sem **verkfæri við stefnumörkun**, **forgangsöðun verkefna** og við **gerð tillagna til umbóta**.

Kópavogur




SPP Skor - Kópavogur

Reykjanesbær



SPP Skor - Reykjanesbær

Sveitarfélagið Árborg



SPP Skor - Árborg

Framfaravog sveitarfélaga er nú gefin út í **fjórdða sinn**. Þau sveitarfélög sem að henni standa og leitt hafa þróunina eru **Kópavogur, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Árborg**.

Við gerð Framfaravogarinnar er mikilvægt að þau viðmið sem byggt er á séu **skýr, mælikvarðarnir vel skilgreindir og endurspeglir það sem máli skiptir**. Allir vísar sem nýttir eru eru fáanlegir fyrir öll sveitarfélög í landinu.


Sú nýbreytni var viðhöfð á vormánuðum að staðið var fyrir þremur vinnustofum meðal þátttakenda með það að markmiði að leita leiða til úrbóta á þremur viðfangsefnum: **heilsu og líðan, menntun og aðstöðu íbúa með erlendan uppruna**.

Framfaravogin 2021 leiðir í ljós að **félagslegar framfarir hafa átt sér stað víðs vegar í samfélaginu**.

Líkt og áður er Framfaravogin tekin út með heildstæðum hætti fyrir sveitarfélögin þrjú. Hins vegar er nú **í fyrsta sinn birtar niðurstöður einstaka vísa fyrir stærstu sveitarfélög landsins**.

Í þessari skýrslu gefst ekki tómt til að fara yfir allar þær áhugaverðu niðurstöður sem lesa má af Framfaravoginni. Þess í stað hefur verið beitt nýstárlegum aðferðum til að auðvelda lesendum að skoða niðurstöður jafnt fyrir einstök sveitarfélög og spá og spekulera.

Framfarvogin 2021



Framfaravogin 2021 byggir á 57 félagslegum og umhverfislegum vísum sem falla undir víddir **grunnparfa**, **grunnstoða velferðar og tækifæra**. 18 vísar tilheyra grunnþörfum, 22 vísar grunnstoðum velferðar og 17 víddinni um tækifæri. Hér að neðan má sjá ramma Framfaravogarinnar, þ.e. **3 víddir, 12 þættirnir og 57 vísar**.

GRUNNPARFIR

Heilbrigði

Glötuð ár (<65)
Grænmetisneysla barna
Gosdrykkja barna



Vatn og hreinlæti

Gæði frárennslis
Sorphirða



Húsnæði

Hjúkrunarrýmum eldri borgara
Ánægja með aðstöðu á heimili
Félagslegt húsnæði
Pröngbýli
Fyrsta húseign 18-34 ára
Íþyngjandi húsnæðiskostnaður



Öryggi

Ofbeldisbrot
Þjófnaður (og innbrot)
Öryggistilfinning
Kynferðisafbrot
Heimilsofbeldi
Umferðaslys - vélknúin ökutæki
Umferðaslys - gangandi og hjólandi



GRUNNSTOÐIR VELFERÐAR

Grunnmenntun

Leikskólar - ánægja foreldra
Grunnskólar - ánægja foreldra
Lestraráhugi
Samræmd próf - Stærðfræði
Samræmd próf - Íslenska
Skólasókn á framhaldsskólastigi - erl.
Skólasókn á framhaldsskólastigi - aðrir



Upplýsingar og samskipti

Nýting rafrænnar heilbrigðisþjónusta
Traust til fjölmiðla
Notkun bókasafna
Nettenging



Heilsa og líðan

Kvíði unglinga
Líkamleg heilsa
Andleg heilsa
Tíðni hreyfingar barna
Dánartíðni 65 - 75 ára
Hár blóðþrýstingur
Gæði svefns



Umhverfisgæði

Loftgæði - Svifryk
Loftgæði - Brennisteinn
Hávaðamengun
Græn svæði



TÆKIFÆRI

Borgaraleg réttindi

Kjörsókn
Kjörnir fulltrúar - Kynjahlutfall
Traust til lögreglu
Þátttaka í ábendingargátt



Persónufrelsi

Ótímabærar þunganir
Eftirsótt búseta
NEET (Ekki í vinnu, skóla eða starfsþjálfun)
Launamunur kynjana
Virkur ferðamáti



Þátttaka

Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi
Umburðarlyndi barna
Fjölskyldutími unglinga
Einelti í grunnskólum
Skjátímanotkun



Framhaldsmenntun

Háskólamenntun karla
Háskólamenntun kvenna
Starf við hæfi - háskólamenntaðir



Framfarvogin 2021



2016 - 2020

Úttekt ársins **2021** byggir á gögnum fyrir tímabilið **2016-2020**



57 vísar

18 vísar fyrir **grunnþarfir**, 22 fyrir **grunnstoðir velferðar** og 17 vísar sem endurspegla **tækifæri**



4 nýir vísar

Sorphirða, húsnaðisbyrði, græn svæði, þátttaka í ábendingargátt sveitarfélags

Nokkrar úrbætur hafa átt sér stað frá fyrri útgáfu Framfaravogarinnar. Ráðist er í úrbætur ef breytingar verða á fyrirbyggjandi gögnum, rannsóknnum eða mælingum hætt, eða nýr og betri mælikvarði er gefinn út. Nú eru kynntir til sögunnar 4 nýir vísar sem þurfti að útbúa sérstaklega þar sem upplýsingar þær sem leitað var eftir lágu ekki fyrir.

Allir vísar sem notaðir eru í Framfaravoginni eru fengnir úr traustum og áreiðanlegum gagnaveitum og/eða frá traustum rannsóknaraðilum. Sveitarfélögin þrjú Kópavogur, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Árborg hafa leitt þessa þróun með það að leiðarljósi að öll sveitafélög í landinu geti nýtt sér þennan grunn og unnið markvisst að úrbótum til að sem flestir geti nýtt sér þetta verkfæri.



219 gildi

57 vísar - 12 þættir
3 víddir - 1 Heildarskor
3 Sveitafélög



12 gagnabrunnar

Copernicus
Hagstofa Íslands
Landlæknir
Landlæknir - Heilsa og líðan Íslendinga
Landskerfi bókasafna
Maskína
Menntamálastofnun
Póst og fjarskiptastofnun
Ríkislögreglustjóri
Samgöngustofa
SIS - Skólavogin - Foreldrakönnun
Umhverfisstofnun



Útópía - distópía

Útópía er besta mögulega útkoma og Distópía versta mögulega útkoma.

Hvernig nýtist Framfaravogin ?

Framfaravogin dregur fram stöðu hvers sveitarfélags fyrir sig.

Í Framfaravoginni er lögð áhersla á að mæla það sem skiptir máli. Framfaravogin veitir vísbendingar um ástandið á hverjum tíma og um leið leiðarljós um hvað betur megi fara. Staðan á hverjum tíma ætti að kalla á viðbrögð, sérstaklega varðandi þá þætti þar sem úrbóta er þörf. Framfaravogin gerir mögulegt að fylgjast með þróuninni og meta árangur aðgerða til úrbóta.

Þannig myndast hringrás mælinga, aðgerða og árangurs.



Íbúar



Íbúar sveitarfélags geta nýtt Framfaravogina til að **sjá stöðu** hinna ýmsu mála er snerta félagsleg og umhverfisleg atriði í sveitarfélögunum.

Þá getur hún byggt undir **upplýsta umræðu og skoðanaskipti** jafnt milli íbúa sem og milli íbúa og þeirra sem stjórna viðkomandi sveitarfélagi

Stjórnendur, stjórnvaldamenn, og aðrir er koma að stefnumótun



Framfaravogin nýtist þeim er fara með stjórn og framkvæmd stefnumótunar í sveitarfélögunum með margvíslegum hætti.

Þannig má nota niðurstöður hennar við **forgangsgröðun verkefna, gerð fjárhagsáætlana og almennt við stefnumótun** í ýmsum málaflokkum.

Einnig er Framfaravogin tæki til að mæla og fylgjast með árangri af fjárfestingum og úrbótum á vegum sveitarfélagsins og hins opinbera

Fjárfestar, frumkvöðlar og aðrir sem láta sig uppbyggingu saamfélaga varða



Það að bæta samfélög er sameiginlegt verkefni margra aðila og kallar oft á þverfaglegt samstarf ólíkra hagsmunaaðila, s.s. stjórnvalda, fjárfesta, frumkvöðla, félagasamtaka og almennra borgara.

Framfaravogin einblínir ekki á einn sérstakan þátt heldur dregur **fram heildarmynd af félagslegum framförum** í viðkomandi sveitarfélagi og getur þannig nýst sem **sameiginlegur grundvöllur samstarfs**, samvinnu og skoðanaskipta um hvað skuli gert, hvers vegna og fyrir hverja.

Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður Framfaravogarinnar 2021 sýna að félagslegar framfarir hafa átt sér stað og kemur það fram með skýrum hætti í heildarúttektum sveitarfélaganna þriggja, **Kópavogs, Reykjanesbæjar og Sveitarféluginu Árborg**. Það er ekki nóg að mæla og vita, heldur þarf að bregðast við þeim áskorunum sem eru til staðar.

Á úrvinnslutíma stóðu aðstandendur Framfaravogarinnar að þremur vinnustofum með það markmiði að leita leiða til úrbóta. Þau málefni sem skoðuð voru: *heilsa og líða, menntamál og staða erlendra íbúa samféluginu*. Það er skemmst frá því að segja en margar áhugaverðar tillögur til úrbóta voru lagðar fram og verður fjallað um sumar þeirra hér síðar.

Til að varpa skýrara ljósi á þau gögn sem Framfaravogin byggir á, þá eru hér í fyrsta sinn niðurstöður einstaka vísa sem ná til stærstu sveitarfélaga landsins. Þau atriði sem sérstaklega er vert að benda á og hafa í huga við stefnumótun og ákvörðunartöku eru; **andleg heilsa, ástand menntamála, þátttöku fólks í samféluginu og ákveðin atriði er tengist umhverfismálum**.


Andleg heilsa

Meðal þeirra vísa sem notaðir eru til að kanna heilsufar og vellíðan er mælikvarði á *andlega heilsu*.

Hér er horft sérstaklega til andlegrar líðan fullorðinna út frá skilgreindum dagskömmtum þunglyndislyfja á hverja 1000 íbúa.

Sé litið til stærstu sveitarfélaga landsins sést að notkun slíkra lyfja hefur farið stigvaxtandi á sl. 5 árum. Hér má auðvitað spyrja sig þeirrar spurningar hvort ekki sé gott að fólk leyti sér hjálpar, finni það fyrir þunglyndi. Engu að síður hlýtur þessi niðurstaða að vekja upp spurningar um hvað veldur þessari þróun og að gripið sé til ráðstafana til að stuðla að bættri andlegri líðan fólks.


Hér gætu sveitarfélögin sett sér skýr lýðheilsuþátttöku markmið þar sem leitast væri við að sporna við fótum hvað varðar þróun andlegrar líðan íbúanna. Nokkur sveitarfélög hafa nú þegar tekið slík skref og er það vel.



Conversely, in Scandinavia, mental illness is overwhelmingly looked upon as a treatable medical condition, rather than a weakness or something to be ashamed of.

<https://www.dailyscandinavian.com/examining-scandinavian-mental-health/>

Reiknuð SPP skor um notkun þunglyndislyfja stærstu sveitarfélaga landsins 2016-2020



Virkni og þátttaka í samfélaginu


Það hlýtur að vera eftirsóknarvert að sem flestir hafi tækifæri í samfélaginu. Í Framfaravoginni er notast við mælikvarða á virkni ungs fólks á aldrinum 16-24 ára, þ.e. hlutfall þessa aldurshóps sem ekki er í vinnu, námi eða starfsþjálfun (e. NEET).

Alþjóða vinnumálastofnunin (ILO) er meðal þeirra aðila sem bent hafa á að fólk sem búi við þessar aðstæður eigi á hættu að lenda í félagslegri einangrun og skorta efnisleg gæði þar sem það sé hvorki að vinna sér inn atvinnutekjur, né að auka færni sína með menntun eða annarri þjálfun. (Hagstofa Íslanda)



Hlutfall þessa hóps hefur hækkað hjá fjölmörgum sveitarfélögum eða staðið í stað á síðustu árum. Það er mikilvægt að fylgist sérstaklega náið með þessum mælikvarða og hvað þróun hans hefur að segja um viðkomandi samfélag og hvert það stefnir. Sé ekki brugðist við með skilvirkum hætti getur það leitt til vaxandi vanda í framtíðinni.

SPP skor varðandi NEET - Ungmennni utan vinnu, náms eða starfsþjálfun



Íbúar af erlendum uppruna

Því miður eru ennþá takmarkaðar upplýsingar til um líðan og aðstöðu íbúa af erlendum uppruna.

Þetta kom skýrt fram í vinnustofunni um þetta málefni.

Þátttakendur vinnustofunnar voru sammála um, að bagalegt væri hve lítið væri til af upplýsingum um stöðu þessa fólks í landinu.

Flestir voru sammála um að þessir íbúar hefðu þess utan ekki nægilega gott aðgengi að upplýsingum um rétt sinn og stöðu og fengi því lakari þjónustu en ella.



Þátttakendur nefndu eftirfarandi þætti sem betur mættu fara:

- Aðgengi að túlkþjónustu
- Aðgengi að sálfræðiaðstoð
- Bæta þjónustu við börn og unglinga
- Huga að því hvernig bregðast megi við almennt slakari námsárangri barna af erlendum uppruna en annarra
- Bæta umsóknarferli varðandi viðurkenningu á menntun og starfsleyfum



Mat á árangri í menntamálum

Menntun er mikilvæg forsenda framfara, frelsis og eflingar einstaklingsins. Haldgóð þekking og færni í grunnfögum er nauðsynleg til að fólk geti bætt samfélags- og efnahagslega stöðu sína og tekið virkan þátt í samfélaginu. Auk þess sem mikilvægt er að huga að gæðum menntunar í skólakerfinu má ekki gleymast að tryggja aðgengi sem flestra að menntun.

Það er ekki einfalt mál að meta árangur í menntakerfinu og kemur þar margt til. Hér hefur verið litið til niðurstaðna í samræmdum prófum í stærðfræði og íslensku. Því miður virðist sem þær gefi ekki tilefni til að ætla að ástandið fari batnandi. Hér er að mörgu að hyggja.

Það má færa fyrir því rök að samræmd próf séu ekki jafn góður mælikvarði sem ætla mætti, t.d. þar sem víða er valkvætt hvort nemendur taka prófin eða ekki. Það breytir ekki þeirri staðreynd að niðurstöður þessara mælinga eru ekki í samræmi við væntingar margra. Þá er það sérstakt umhugsunarefni ef ekki eru til staðar góðir mælikvarðar til að meta stöðu þessa mikilvæga málaflokks í sveitarfélögunum. Það getur reynst þrautin þyngri að vita hver staðan raunverulega er og hvort eða hvernig best sé að bregðast við henni, ef ekki eru til áreiðanlegir mælikvarðar á þekkingu nemenda í grunnfögum.




Þátttakendur á vinnustofu um menntun voru sammála um að mikilvægt væri að leggja áherslu á þennan málaflokk með markvissari hætti og lögðu fram ýmsar áhugaverðar tillögur til úrbóta m.a.;


- Finna þyrfti nýja mælikvarða til að meta stöðu og þróun menntunar
- Styrkja þyrfti faglega forystu menntastofnana og skóla í hverju og einu sveitarfélagi
- Styðja og efla skólastjórnendur
- Nýta betur gögn og upplýsingar sem liggja fyrir um stöðu menntamála
- Hugsa sérstaklega að stöðu þeirra sem hafa annað eða jafnvel þriðja mál
- Kanna hvort beit mætti nýjum kennsluaðferðum, ekki síst eftir þá reynslu sem skapaðist í kjölfar Covid-faraldursins
- Efla fjölbreytileika í kennslu
- Skoða hvort taka ætti upp fræðsluskyldu í stað skólaskyldu

SPP skor varðandi sæmraemd próf í stærðfræði og íslensku meðal stærstu sveitarfélaga landsins 2016-2020

Íslenska



Stærðfræði



Hver bókstafur táknar sveitarfélag

Umhverfi

Mikilvægur hluti lífsgæða okkar felst í að búa í góðu umhverfi sem skaðar ekki heilsu okkar. Í Framferðavogarinnum er litið til umhverfispátta með beinum hætti í tveimur víddum. Vatn og hreinlæti telst til **grunnþarfa** einstaklingsins og umhverfisgæði teljast til **grunnstoða velferðar**.

Líkt og undanfarin ár hefur reynst erfitt að finna samanburðarhæf gögn sem meta **vatn og hreinlæti** og **umhverfisgæði**.


Á Íslandi eru slíkar upplýsingar ekki fyrir hendi skipt niður á sveitarfélög þrátt fyrir að stjórnun þessara mála sé á þeirra ábyrgð.


Hér er horft til gæða frárennslis og loftgæða. Ekki er að merkja miklar breytingar á þessum vísum milli ára.

Hreinleiki frárennslis er mjög mismunandi milli sveitarfélaga en mikilvægt að fylgjast með honum, ekki síst í ljósi aukins áhuga á sjósundi og sjótengdri afþreyingu á undanförunum árum.

Það væri mikið framfaraskref ef settir yrðu upp loftgæðamælar í hverju þéttbýli víðsvegar um land þannig að hægt sé að fylgjast með loftgæðum og þeirri þróun sem unnið er að, s.s. rafvæðingu bifreiða og í iðnaði, bættum vegum og breyttu samgöngumynstri.

SPP skor varðandi gæði frárennslis meðal stærstu sveitarfélaga landsins 2016-2020





Nánari upplýsingar um þróun í Kópavogi er hægt að finna með því að smella á kennimerkið hér til hægri



	Skor	Styrkleiki/ Veikleiki	Röð		Skor	Styrkleiki/ Veikleiki	Röð		Skor	Styrkleiki/ Veikleiki	Röð
Grunnþarfir	61.79		2	Grunnstoðir velferðar	61.07		1	Tækifæri	56.28		3
Heilbrigði	65.41		8	Grunnmenntun	56.50		7	Borgaraleg réttindi	62.69		4
Glötuð ár (<65)	91.04		5	Grunnskólar - ánægja foreldra	88.80		7	Kjörnir fulltrúar - kynjahlutfall	50.00		48
Gosdrykkja barna	47.00		56	Leikskólar - ánægja foreldra	82.40		10	Kjörsókn	57.00		41
Grænmetisneysla barna	58.20		52	Lestraráhugi	31.82		58	Traust til lögreglu	82.36		11
				Samræmd próf - íslenska	21.97		66	Þátttaka í ábendingargátt	61.40		38
				Samræmd próf - stærðfræði	29.84		62				
Vatn og hreinlæti	62.60		5	Skólasókn á framhaldsskólastigi	76.19		18	Persónufrelsi	65.58		3
Gæði frárennslis	40.0		54	Skólasókn á framhaldsskólastigi - erl. bakgrunn..	64.44		34	Eftirsótt búseta	78.39		15
Sorþhirða	85.2		8	Samskipti og upplýsingar	54.93		6	Launamunur kynjana	59.81		39
				Nettenging	86.00		1	NEET (Ekki í vinnu, skóla eða starfsþjálfun)	77.78		16
Húsnæði	50.94		10	Notkun bókasafna	30.03		60	Ótímabærar þunganir	70.56		26
Aðgengi að hjúkrunarrýmum eldri borgara	81.50		12	Nýting rafrænnar heilbrigðisþjónustu	46.99		44	Virkur ferðamáti	29.32		53
Ánægja með aðstöðu á heimili	62.32		36	Traust til fjölmíðla	56.68		42	Þátttaka	54.11		9
Félagslegt húsnæði	27.27		67	Heilsa og líðan	48.68		11	Einelti í grunnskólum	28.00		63
Fyrsta húseign 18-34 ára	18.50		64	Andleg heilsa	68.40		57	Fjölskyldutími unglinga	59.48		40
Íþyngjandi húsnæðiskostnaður	90.00		6	Dánartíðni 65 - 75 ára	37.23		50	Skjáltímanotkun	44.07		51
Þröngbýli	26.04		65	Gæði svefns	34.21		55	Umburðarlýndi barna	76.90		17
				Hár blóðþrýstingur	71.88		24	Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi	62.10		37
Öryggi	68.48		2	Kviði unglínga	46.00		49				
Heimilisofbeldi	51.60		45	Líkamleg heilsa	32.80		28	Framhaldsmenntun	45.16		12
Kynferðisafbrot	64.91		32	Tíðni hreyfingar barna	50.27		47	Háskólamenntun karla	30.00		61
Öfbeldisbrot	30.96		59	Umhverfissgæði	84.18		1	Háskólamenntun kvenna	54.00		43
Öryggistilfinning	72.66		22	Græn svæði	93.90		4	Starf við hæfi - háskólamenntaðir	51.47		46
Umferðaslys - gangandi og hjólandi vegfarendur	100...		1	Hávaðamengun	66.26		31				
Umferðaslys - vélknúin ökutæki	74.28		21	Loftgæði - brennisteinn	97.06		3				
Þjófnaður (og innbrot)	83.04		9	Loftgæði - svírfryk	79.52		14				

Litakóði



Röð fæst með því að raða öllum skorum frá því lægsta og til þess hæsta. Skorkortið samanstendur af skorum fyrir 57 vísa, 12 þætti og 3 víddir og heildarskori fyrir þrjá þáttakendur.

Styrkleikar og veikleikar eru reiknaðir út frá hlutfallslegri stöðu vísa/þátta/vídda á hverju stigi fyrir sig.

Nánari upplýsingar um þróun í Reykjanesbæ er hægt að finna með því að smella á kennimerkið hér til hægri



<https://www.socialprogress.is/reykjanesbaer2021>

Sveitarfélagið Árborg

Árborg

Social Progress Portrait 64.42

Social Progress Portrait

	Skor	Styrkleiki/ Veikleiki	Röð		Skor	Styrkleiki/ Veikleiki	Röð		Skor	Styrkleiki/ Veikleiki	Röð
Grunnþarfir	60.89		3	Grunnstöðir velferðar	65.65		2	Tækifæri	66.72		1
Heilbrigði	69.94		7	Grunnmenntun	47.17		11	Borgaraleg réttindi	82.38		2
Glötuð ár (<65)	93.43		7	Grunnskólar - ánægja foreldra	65.40		28	Kjörnir fulltrúar - kynjahlutfall	100...		1
Gosdrykkja barna	54.40		43	Leikskólar - ánægja foreldra	81.00		21	Kjörsókn	70.30		46
Grænmetisneysla barna	62.00		41	Lestraráhugi	47.11		39	Traust til lögreglu	95.82		5
				Samræmd próf - íslenska	6.06		55	Þátttaka í ábendingargátt	63.40		29
				Samræmd próf - stærðfræði	2.63		56				
Vatn og hreinlæti	44.40		12	Skólasókn á framhaldsskólastigi	86.30		16	Persónufrelsi	60.70		6
Gæði frárennslis	0.0		57	Skólasókn á framhaldsskólastigi - erl. bakgrunn.	41.67		44	Eftirsótt búseta	95.14		6
Sorþhirða	88.8		12	Samskipti og upplýsingar	68.54		9	Launamunur kynjana	44.78		40
				Nettenging	80.00		22	NEET (Ekki í vinnu, skóla eða starfsþjálfun)	19.42		53
Húsnæði	63.47		5	Notkun bókasafna	53.30		36	Ótímabærar þunganir	86.15		17
Aðgengi að hjúkrunarrýmum eldri borgara	90.55		9	Nýting rafrænnar heilbrigðisþjónustu	46.99		48	Virkur ferðamáti	58.02		24
Ánægja með aðstöðu á heimili	85.60		18	Traust til fjólmiðla	58.99		33	Þátttaka	58.79		8
Félagslegt húsnæði	54.55		35	Heilsa og líðan	53.50		10	Einelti í grunnskólum	43.60		42
Fyrsta húseign 18-34 ára	19.90		52	Andleg heilsa	12.00		51	Fjölskyldutími unglinga	65.52		27
Íþyngjandi húsnæðiskostnaður	89.90		11	Dánartíðni 65 - 75 ára	71.48		26	Skjótímanotkun	41.25		45
Þröngbýli	40.33		47	Gæði svefns	97.37		3	Umburðarlýndi barna	81.50		20
				Hár blóðþrýstingur	61.83		31	Þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi	62.10		30
Öryggi	65.73		4	Kvíði unglinga	52.40		37				
Heimilisofbeldi	67.18		25	Líkamleg heilsa	27.20		54	Framhaldsmenntun	64.99		3
Kynferðisafbrot	59.34		32	Tíðni hreyfingar barna	52.19		38	Háskólamenntun karla	34.00		49
Ofbeldisbrot	28.80		50	Umhverfisgæði	93.41		1	Háskólamenntun kvenna	74.00		8
Öryggistilfinning	83.58		19	Græn svæði	90.10		10	Starf við hæfi - háskólamenntaðir	86.96		15
Umferðaslys - gangandi og hjólandi vegfarendur	87.12		14	Hávaðamengun	95.93		4				
Umferðaslys - vélknúin ökutæki	55.51		34	Loftgæði - brennisteinn	100...		1				
Þjófnaður (og innbrot)	78.56		23	Loftgæði - svifryk	87.62		13				

Litakóði



Röð fæst með því að raða öllum skorum frá því lægsta og til þess hæsta. Skorkortið samanstendur af skorum fyrir 57 vísa, 12 þætti og 3 víddir og heildarskori fyrir þrjá þáttakendur.

Styrkleikar og veikleikar eru reiknaðir út frá hlutfallslegri stöðu vísa/þátta/vídda á hverju stigi fyrir sig.

Nánari upplýsingar um þróun í Árborg er hægt að finna með því að smella á kennimerkið hér til hægri



<https://www.socialprogress.is/arborg2021>

Viðauki - aðferðir og útreikningar

Aðferðirnar þær sem hér eru notaðar, hafa verið þróaðar af Social Progress Imperative og eru sömu gerðar og þær sem notaðar eru við gerð vísitölu félagslegra framfara (SPI) á heimsvísu. Allir útreikningar og vísar sem hér birtast eru yfirfarnir og staðfestir af Social Progress Imperative.

Val á vísu

Allir vísar sem notaðir eru þurfa að falla að þeirri umgjörð sem SPI setur. Vísarnir þurfa að hafa skýra merkingu og eiga jafnt við í öllum sveitarfélögum. Þá skiptir máli að umbætur eða aðgerðir hafi áhrif á vísana, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti..

Tæknileg skilyrði

Ströng tæknileg skilyrði eru að baki útreikningum á vísitölu félagslegra framfara.

- Í fyrsta lagi þarf hver og einn vísir (e. indicator) að eiga við í sem flestum sveitarfélögum. Hvað varðar hvern og einn þátt (e. component) má í mesta lagi vanta mælingar fyrir eitt sveitarfélag fyrir hvern vísir.

Í öðru lagi þarf sérhver vísir að vera sóttur í sama gagnagrunn fyrir öll sveitarfélög. Sum gögn má finna með könnunum (e. surveys) eða vera búin til með öðrum hætti. Nýjustu gögn mega ekki vera eldri en 5 ára.

Myndin hér að neðan sýnir hvað hafa ber í huga við val á mælikvörðum. Allir þeir vísar sem notaðir hafa verið í Framfaravoginni uppfylla þessi skilyrði.

HLUTIR SEM HAFNA BER Í HUGA VIÐ VAL Á VÍSUM



Útreikningar

Við útreikninga á vísitölu félagslegra framfara þarf að framfylgja ákveðnum aðferðum .

Sérhver þáttur byggir á hugtökum sem eru almenns eðlis og getur verið erfitt að skilgreina með nákvæmum hætti. Til að ná utan um þessa þætti hefur SPI þróað ákveðna aðferðafræði sem byggir á tölfræðilegri nálgun. Er það gert með því að finna 3 – 7 viðeigandi vísa sem eru lýsandi fyrir þáttinn og nota svokallaða frumþáttagreiningu (e. principal component analysis) til að finna vægi mismunandi vísa eftir mikilvægi þeirra. Slík greining hjálpar til við að draga út þá sameiginlegu undirliggjandi sögu sem að vísarnir segja, en á sama tíma vinsa í burtu vísa sem ekki falla vel að öðrum vísam.

Þegar vigtir ólíkra vísa eru svipaðar er það merki um að þeir eigi vel saman. Vigtirnar eru notaðar til að ákvarða gildin á þáttunum miðað við vegið meðaltal.

Gerð er krafa um að fjöldi athugana fyrir hvern vísi séu að minnsta kosti 30 talsins. Vegna þess að sveitarfélögin sem taka þátt eru aðeins þrjú og fjöldi mældra ára er innan við 10 er notast við einföld meðaltöl þar sem allir vísar vega jafnt. Hins vegar hafa tölfræðilegar aðferðir verið nýttar þegar hægt er, til þess að skoða fylgni mismunandi vísa.

Nánari umfjöllun má finna um útreikningana og tæknileg atriði í skýrslu sérstakri aðferðafræðiskýrslu SPI á www.socialprogress.org.

Skölun

Þættir, víddir og vísar eru allar birtar á kvarðanum 0 – 100.

Skölunin fer fram með þeim hætti að besta mögulega gildi er ákvarðað (útópía) og sett sem 100, ásamt versta mögulega gildi (distópía) og látið hafa gildið núll. Önnur gildi eru sköluð til í hlutfalli. Þessi gildi eru oft ákvörðuð út frá hæstu og lægstu gildunum meðal landa, svæða eða sveitarfélaga, frá fræðilega hæstu og lægstu gildum eða frá viðurkenndum viðmiðum eða markmiðum. Sjá nánari útskýringu á útópíu og distopíu hér á eftir.

Röð - styrkleikar- veikleikar

Á skorkortunum eru tvenns konar mælikvarðar til að setja skorin í samhengi. Vegna þess hve fá sveitarfélög taka þátt að sinni er samanburður þó með öðrum hætti en er jafnan gert með SPI.

Röð vísa fæst með því að raða öllum skorunum fyrir alla vísa í viðkomandi sveitarfélagi, frá því lægsta til þess hæsta.

Vísirinn með lægsta skorið fær því gildið einn. Jöfn skor fá sama gildið. Röð þátta og vídda fást með sambærilegum hætti. Þættirnir fá því raðgildi á bilinu 1 – 12, og þættirnir á bilinu 1 – 3.

Í litakóðunum fæst samanburður sem nær einnig á milli sveitarfélaga. Styrkleikar/veikleikar sýnir hversu hátt skorið er í samanburði við öll önnur skor og á meðal allra sveitarfélagana, hvort sem um er að ræða vísa, þætti, víddir eða heildarskor.

Útópía og distópía

Í Framfaravoginni eru einungis gefin skor á skalanum 0 til 100. Hver einasti vísir er skalaður þannig að 0 er versta útkoman og 100 er besta útkoman. Því þarf að nota viðmið sem eru mismunandi fyrir hvern og einn vísir. Þegar vísirinn er mældur í hlutföllum og útópían er 1 og distóían er 0, líkt og í hlutfall barna sem borða grænmeti þrisvar eða oftár í viku, þá er skorið sem Framfaravogin gefur jafnt og mælt hlutfall. Stundum er skalinn í hlutföllum frá 0 til 0,5 líkt og fyrir kynjahlutfall kjörinna fulltrúa. Þá fengist skorið 50 ef kynið í minnihluta væri 25% kjörna fulltrúa.

Stundum eru mælingar ekki í hlutföllum og þarf því að finna útópiu og distópiu út frá öðrum mældum gildum. Sem dæmi má nefna meðal biðtími eftir hjúkrunarrýmum miðar við hæsta mælda gildi auk staðalfráviks sem distópiu og lægsta mælda gildi sem utópiu. Þá er skalinn frá 4,6 til 300 þar sem 4,6 gefur skorið 100 og 300 gefur skorið 0.

Af hverju að nota útópiu og distópiu ?

Þegar öll skörin eru sköluð á þennan hátt er auðvelt að sjá **hvar má bæta** og hvar **góðri stöðu** sé náð. Utópía á ávallt að vera besta mögulega útkoma og distópía versta mögulega útkoma. Þar sem margir vísar eru samanburðarvísar, þ.e. miða við mæld gildi annarra sveitarfélaga þá þýðir það að skora 50 alls ekki að sveitarfélagið sé að standa sig illa í þeim lið, en það þýðir að það sé hægt að stefna hærra.

Jafnan sem notuð er við útreikninga á skori í SPP:

$$\frac{(x - \text{distopia})}{\text{utopia} - \text{distopia}} * 100$$

Fólkið

Fulltrúar SPÍ á Íslandi:

Gunnar Haraldsson, hagfræðingur
Haraldur J Hannesson, hagfræðingur
Rósbjörg Jónsdóttir, viðskiptafræðingur

Social Progress Imperative

Petra Krylova, Global Research Director
Jaromir Harmacek, Acting Research Director

Fulltrúar sveitarfélaganna þriggja:

Kópavogur:

Tengiliðir: Jakob S Þórsson
Pétur Einarsson,
Pálmi Þór
Ármann Kr Ólafsson

Reykjanesbær:

Tengiliðir: Guðrún Magnúsdóttir,
Anna Karen Sigurjónsdóttir,
Halldóra G. Jónsdóttir
Jóhann Sævarsson
Kjartan Már Kjartansson

Sveitarfélagið Árborg:

Tengiliðir: Bragi Bjarnason
Gísli Halldór Halldórsson,
Þorsteinn Hjartarsson

